

## **Bólusetninga-Bill er bjargvættur vor og mannvínur. Auðjöfraræði**

Blaðamaðurinn, Timothy Schwab, hefur skrifað bók, sem ber titilinn:

”Vandræðabarnið Bill Gates. Uppgjör við goðsögnina um hinn góða milljarðamæring” (The Bill Gates Problem. Reckoning with the Myth of the Good Billionaire). Viðtal Alan MacLeod við höfund er afar athyglisvert.

Um síðustu aldamót urðu eins konar ásýndarhamskipti á Bill Gates, ekki ósvipað því, sem gerðist með John D. Rockefeller á sínum tíma, þegar hann fór að gauka smáaurum að aumingjunum, samkvæmt ráði almannatengslafulltrúa.

Báðir gerðust mannvínir miklir í kjölfar dóma gegn einokun þeirra í atvinnulífinu. Manngæsku kappanna var gefin útrás í mannvinnafyrirtækjum eða frjálsum félagsamtökum (non-governmental organization), sem yfirvöld undanþáðu skatti að miklu leyti.

Það vill svo til, að Sameinuðu þjóðirnar opnuðu einnig dyr sínar fyrir áhrifum og auðævum þessara mannvinnafyrirtækja um svipað leyti.

Auðjöfrar heims eins og Rothschild ættin, Rockefeller ættin, Ford ættin, Soros ættin og margir fleiri, notfæra sér mannvinnafélögin til að hlutast til um stjórn veraldarinnar, spinna heilu þjóðunum örlög, oft í samvinnu við ríkisstjórnir, eða með því að kúga þær til hlýðni.

Bill átti t.d. samvinnu við ríkisstjórnir eins og þá norsku og bresku, um stofnun GAVI, einka-opinbers bólusetningafélagsskapar. Auðvaldurinn fjármagnar líka Alþjóðaheilbrigðisstofnunina. Völd hans eru gríðarleg.

Bill er margfaldur í roðinu. Tilraunir með alls konar bólusetningaóþverra skilja eftir sig slóð örkumlaðra barna og fullorðinna. Nýjasta uppátæki hans er að framleiða bólusetningamýflugur.

Bill og Melinda, fyrrverandi frú hans, þar til upp komst upp samfarir bónda hennar og barnaníðingsins, Jeffrey Epstein, hafa líka beitt sér fyrir menntun barna, samkvæmt eigin hugmyndum. Það er reyndar kjarninn í hugmyndafræði þeirra um manngæskuaðstoð; „verði okkar vilji.“

Hinn rómaði bjargvættur mannkyns er líka einstaklega áhugasamur um að drepa niður hefðbundinn landbúnað og kaupir upp land í því skyni. Þessi heimsbóndi lætur sig heldur ekki muna um að hlutast til um landbúnað í Afríku. Bændur þar um slóðir beiðast þó undan „hjálp“ hans.

Samhliða því að koma bændum á vonarvöl einbeitir Bill sér að ræktun skordýra og gervikéts úr frumum í þar til gerðum fæðuræktunarverum. Skordýra- og gervikétsbuff eru þegar kominn á markað – meira að segja á Íslandi.

Og svo til að enginn velkist í vafa um manngæsku sína, heilindi og fórnarlund, hefur Bólusetniga-Bill keypt fjölda fjölmiðla, mennta- og vísindastofnana, og veitir öðrum styrk til að vernda orðspor sitt og heilapvo okkur, vesalingana. Að ógleymdum staðreyndafyrirtækjunum.

Það þarf varla að taka fram, að Bill loðnar stöðugt um lófana, bæði vegna starfsemi sinnar sem fjárfestir og mannvínur. Hann græddi svo mikið á bóluefnaframleiðslu við svikaveirunni, Covid-19, að honum ofbauð jafnvel sjálfum. Og er þá mikið sagt.

Bill bjargvættur er að sjálfsögðu meðal innstu koppa í búi Alheimsefnahagsráðsins, þar sem Katrín Jakobsdóttir nemur við hné helstu spekinga um mótun heimsríkisins, hina nýju veröld. Hún er meira að segja sérstakur ásýndarfulltrúi stofnunar „hans,“ Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

<https://reclaimthenet.org/gates-foundation-pushes-national-digital-id-tech>

<https://www.bitchute.com/video/sT5udNiXuqhl/>

<http://www.sfaw.org/newswire/2014/11/13/bill-gates-and-the-anti-fertility-agent-in-african-tetanus-vaccine/>

<https://www.youtube.com/watch?v=JaF-fq2Zn7I>

[https://www.youtube.com/watch?v=gM1QcAs\\_VRg](https://www.youtube.com/watch?v=gM1QcAs_VRg)

<https://www.youtube.com/watch?v=rhNxDp8e7p8>

<https://expose-news.com/2023/05/06/bill-gates-disturbing-influence/>

[https://ingaghall.blog.is/blog/ingaghall/entry/2289562/?fbclid=IwAR11Vikmt3uAB9hUEmO4G2ZX47LXmdoPsfG2coFs2bGF9xeKGGRtshM\\_Abl](https://ingaghall.blog.is/blog/ingaghall/entry/2289562/?fbclid=IwAR11Vikmt3uAB9hUEmO4G2ZX47LXmdoPsfG2coFs2bGF9xeKGGRtshM_Abl)

<https://expose-news.com/2023/03/28/follow-the-money-unmasking-bill-gates/>

[https://www.youtube.com/watch?app=desktop&v=fr4UtmbeW44&fbclid=IwAR1PX PZdpW4ns1vYQ\\_FROmTlzWzPfru1ZNou0-rdl-IgLNeNd0ALgmSnj9A](https://www.youtube.com/watch?app=desktop&v=fr4UtmbeW44&fbclid=IwAR1PX PZdpW4ns1vYQ_FROmTlzWzPfru1ZNou0-rdl-IgLNeNd0ALgmSnj9A)

<https://rumble.com/v24t3ss-bill-gates-vows-to-pump-mrna-into-food-supply-to-force-jab-the-unvaccinated.html>

<https://expose-news.com/2022/11/04/polio-vaccines-are-ineffective/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-wealth-influence-covid-pandemic-cola/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=f0f46a34-59de-47b7-a8a7-63f46b911219](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-wealth-influence-covid-pandemic-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=f0f46a34-59de-47b7-a8a7-63f46b911219)

[https://www.bitchute.com/video/vCgkdnLYLWki/?fbclid=IwAR1DOg6YZc9XpNL3Up WLvjWAauhMcYXJV3q\\_23QqBN0EswCpD155f9DEJqw](https://www.bitchute.com/video/vCgkdnLYLWki/?fbclid=IwAR1DOg6YZc9XpNL3Up WLvjWAauhMcYXJV3q_23QqBN0EswCpD155f9DEJqw)

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-melinda-gates-foundation-investments-global-digital-id-system/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=860f34cb-4036-4ddb-8ad2-b49ad0da72c7](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-melinda-gates-foundation-investments-global-digital-id-system/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=860f34cb-4036-4ddb-8ad2-b49ad0da72c7)

<https://indianbarassociation.in/more-trouble-for-bill-gates-and-adar-poonawalla/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-genetically-engineered-seeds-world-hunger-ecological-disaster/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=8ad4e1dd-353b-431d-9c30-7212afb73ef1](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-genetically-engineered-seeds-world-hunger-ecological-disaster/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=8ad4e1dd-353b-431d-9c30-7212afb73ef1)

[https://steigan.no/2022/09/amerikanske-politico-etter-kritisk-sokelys-pa-hvordan-bill-gates-co-brukte-covid-19-til-a-oke-sin-makt/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/09/amerikanske-politico-etter-kritisk-sokelys-pa-hvordan-bill-gates-co-brukte-covid-19-til-a-oke-sin-makt/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-nw-bill-gates-takes-abuse-people-dont-know-fauci-outside-us/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=25571782-5efc-45cf-aafd-3065a6b7bfaf](https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-nw-bill-gates-takes-abuse-people-dont-know-fauci-outside-us/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=25571782-5efc-45cf-aafd-3065a6b7bfaf)

<https://expose-news.com/2022/09/15/bill-gates-mhra-pfizer-corruption/>

<https://expose-news.com/2022/08/17/bill-gates-sinister-plan-force-you-eat-fake-meat/>

<https://www.facebook.com/TheNewAmerican/videos/651882949340024>

<https://fortune.com/2022/08/09/bill-gates-foundation-polio-vaccine-new-york-positive-case-rockland-county-wastewater/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-great-reset-global-food-system-cola/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=b28a3eb1-9ac3-436d-aedb-3052f10e80e6](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-great-reset-global-food-system-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=b28a3eb1-9ac3-436d-aedb-3052f10e80e6)

<https://expose-news.com/2022/07/28/orwellian-think-tank-is-targeting-irish-citizens/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-great-reset-global-food-system-cola/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=4d9020e2-4c38-4822-b0ca-eb9e5698c9d2](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-great-reset-global-food-system-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=4d9020e2-4c38-4822-b0ca-eb9e5698c9d2)

[https://steigan.no/2022/07/hvem-star-bak-de-globale-helsekrisene-vi-plutselig-stadig-blir-rammet-av-sist-ute-apekopper/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/07/hvem-star-bak-de-globale-helsekrisene-vi-plutselig-stadig-blir-rammet-av-sist-ute-apekopper/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://african.business/2022/04/apo-newsfeed/bill-melinda-gates-foundation-pledges-continued-support-for-kenya/>

[https://steigan.no/2022/07/korrupsjon-i-kenya-who-driver-landgrabbing-for-a-lage-nytt-krisesenter/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/07/korrupsjon-i-kenya-who-driver-landgrabbing-for-a-lage-nytt-krisesenter/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://grain.org/en/search?s=bill+gates>

<https://www.gmwatch.org/en/106-news/latest-news/16631>

<https://www.latimes.com/business/la-na-gatesx7jan07-sg-storygallery.html>

<https://steigan.no/2014/11/bill-gates-milde-gaver-til-hvem/>

<https://www.latimes.com/business/la-na-gatesx7jan07-sg-storygallery.html>

<https://steigan.no/2022/04/bill-gates-alle-rike-land-bor-bytte-til-100-syntetisk-kjott/>

<https://frettin.is/2022/06/03/af-hverju-er-mannvinurinn-bill-gates-svona-haettulegur/?fbclid=IwAR1pxNb5QaQqRXocqI2aF6BigeeJ6AQELktHuAysbfsWaQ1JDn4TaYTvGDA>

<https://www.weforum.org/agenda/2018/09/africas-rapid-population-growth-puts-poverty-progress-at-risk-says-gates>

<https://mail.google.com/mail/u/0/#inbox/FMfcgzGpGKdxHbPNgPqLWCFmFWSMjNnM>

<https://expose-news.com/2022/05/26/bill-gates-bioterrorist/>

<https://brownstone.org/articles/choice-quotes-from-bill-gates-new-book/>

[https://unherd.com/2022/05/bill-gates-wants-to-build-a-dystopia/?tl\\_inbound=1&tl\\_groups\[0\]=18743&tl\\_period\\_type=3&mc\\_cid=5b6d096958&mc\\_eid=1c4c09eceb](https://unherd.com/2022/05/bill-gates-wants-to-build-a-dystopia/?tl_inbound=1&tl_groups[0]=18743&tl_period_type=3&mc_cid=5b6d096958&mc_eid=1c4c09eceb)

<https://steigan.no/2014/11/bill-gates-milde-gaver-til-hvem/>

<https://dailyexpose.uk/2022/05/08/watch-bill-gates-attempting-to-sell-his-germs/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-biotech-gmo-mosquito/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=e5b2380e-0674-48ed-939d-ecd709cd8561](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-biotech-gmo-mosquito/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=e5b2380e-0674-48ed-939d-ecd709cd8561)

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-africa-industrial-farming/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=c117171f-c56d-47ce-aa59-7b4fdda8e9f0](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-africa-industrial-farming/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=c117171f-c56d-47ce-aa59-7b4fdda8e9f0)

<https://dailyexpose.uk/2022/04/21/private-owners-of-more-farmland-than-anyone-in-usa/>

<https://steigan.no/2022/04/bill-gates-alle-rike-land-bor-bytte-til-100-syntetisk-kiott/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-ag-project-failed-food-security/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=e099eb75-edfb-43b7-a156-efd9cfe8464f](https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-ag-project-failed-food-security/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=e099eb75-edfb-43b7-a156-efd9cfe8464f)

<https://www.cNBC.com/2022/02/24/bill-gates-australia-covid-blueprint-could-help-prevent-next-pandemic.html>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/24/gates-admits-failure-natural-immunity-is-gold-standard/>

<https://www.rt.com/news/549937-bill-gates-omicron-vaccines/>

<https://newspunch.com/bill-gates-caught-funnelling-319-million-to-media-to-brainwash-the-public/>

<https://www.mintpressnews.com/unraveling-bill-gates-global-web-influence-tim-schwab/286859/>